

## Ákvörðun um framkvæmd í flokki C

Heiti framkvæmdar	Allt að 50 tonna tilraunaeldi á vegum Hafrannsóknastofnunar að Stað í Grindavík
Framkvæmdaraðili	Hafrannsóknastofnun
Sveitarfélag	Grindavíkurbær
Tegund framkvæmdar	1.12

### Framkvæmdalýsing (stutt samantekt)

Fyrirhugað er að endurnýja starfsleyfi fyrir tilraunaeldisstöð. Í eldra starfsleyfi var eldismagn ekki tilgreint en áformað er að í nýju starfsleyfi verði heimilað allt að 50 tonna eldi á sjávarlífverum. Ekki er fyrirhugað að ráðast í verklegar framkvæmdir. Eldi í stöðinni verður ekki bundið við tiltekna tegund fisks enda er um tilraunastöð að ræða þar sem unnið er með ýmsar fiskitegundir, skeldýr og þörungur. Undanfarið hefur mest verið um eldi á hrognkelsaseiðum.

Tilraunaeldisstöðin er staðsett á athafnasvæði fiskeldisfyrirtækisins Samherja/Íslandsbleikju að Stað í Grindavíkurbæ.

Eldisrymi í stöðinni er um 850 m<sup>3</sup>, þar af eru átta útiker.

Í dag liggur frárennsli beint í vík neðan við eldisstöð. Framkvæmdir eru hafnar við nýtt frárennsli, í samvinnu við Íslandsbleikju/Samherja og mun ný lögna ná út fyrir bringarð og út í sjó. Sú framkvæmd er ekki hluti af þeirri framkvæmd sem ákvörðun þessi tekur til en tilraunaeldið mun samt sem áður tengjast nýrri frárennislögn.

Gert er ráð fyrir að við 50 tonna framleiðslu á ári verði magn úrgangs frá stöðinni um 15 tonn af ári og í úrgangi séu 2 tonn af köfnunarefni, 12,5 tonn af kolefni og 500 kíló af fosfór.

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að Íslandsbleikja/Samherji sjái tilraunaeldi Hafrannsóknastofnunar fyrir jarðsjó. Fyrir liggur að Íslandsbleikja/Samherji hafi leyfi til vinnslu á allt að 25.000 l/sek af jarðsjó. Áætlað er að við 50 tonna framleiðslu þurfi tilraunaeldið 100-150 l/sek af jarðsjó.

Ker stöðvarinnar eru útbúin ristum til varnar því að fiskur sleppi með frárennsli. Stærð rista á kerum ræðst af stærð fisks í eldi á hverjum tíma. Auk þess verður 15 mm rist á nýrri frárennislögn.

### Var leitað umsagna?

Ekki var leitað umsagna vegna þeirrar framkvæmdar sem hér er um fjallað.

Íslandsbleikja tilkynnti um framleiðsluaukningu í eldisstöð fyrirtækisins að Stað árið 2014. Um var að ræða aukningu úr 1.600 tonnum í 3.000 tonn. Við þá ákvörðun sem hér er fjallað um var litið til umsagna vegna þeirrar framkvæmdar.

Að mati Fiskistofu voru hverfandi líkur á að lifandi fiskur slyppi frá eldisstöð Samherja/Íslandsbleikju. Var það mat m.a. byggt á því að auk rista á kerum myndi verða rist í frárennislögn. Um er að ræða samskonar

fyrirkomulag og sömu frárennislögn og tilraunaeldi Hafrannsóknastofnunar kemur til með að notast við.

Í umsögn Umhverfisstofnunar var bent á að við útrás frárennslis væru mikil ölduhæð og sterkir straumar sem tryggi hraða endurnýjun og að framkvæmdaraðili teldi litla hættu á uppsöfnun næringarefna vegna losunar frá fiskeldinu. Að mati Umhverfisstofnunar var ekki líklegt framleiðsluaukning Samherja/Íslandsbleikju myndi hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

### Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af eðli framkvæmdar sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

#### Já/Nei/Útskýring

Er framkvæmd umfangsmikil?	Nei. Um er að ræða allt að 50 tonna eldi með frárennslis í sjó sem telst vera umfangslítið fiskeldi. Ekki er um verklegar framkvæmdir að ræða þar sem eingöngu er fyrirhugað að endurnýja starfsleyfi með tilliti til núverandi framleiðslugetu stöðvarinnar.
Er framkvæmd líkleg til að hafa sammögnunaráhrif með öðrum framkvæmdum?	Já. Á sömu jörð er eldisstöð Samherja/Íslandsbleikju sem hefur leyfi til að framleiða allt að 1.600 tonn af laxi og öðrum eldisfiski á ári. Þá liggur fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar um að framleiðsluaukning í stöð Samherja/Íslandsbleikju, allt að 3.000 tonna framleiðsla, skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.  Með tilliti til umfangs tilraunaeldisstöðvar eru áhrifin þó óveruleg.
Fylgir framkvæmd nýting náttúruauðlinda?	Já. Við eldi verður notast við sjó úr borholum. Samherji/Íslandsbleikja sér tilraunaeldisstöð Hafrannsóknastofnunar fyrir jarðsjó en fyrirtækið hefur leyfi til nota á allt að 25.000 l/sek af jarðsjó. Ætla má að við framleiðslu á allt að 50 tonnum á ári þurfi tilraunaeldisstöðin um 100-150 l/sek. Fram að þessu hefur vatnsnotkun stöðvarinnar verið um 50-60 l/sek þegar mest hefur verið.
Fylgir framkvæmd úrgangsmýndun?	Já. Frá stöðinni munu koma lífrænn úrgangur frá fiski og fóðurleifar. Gera má ráð fyrir að við framleiðslu á 50 tonnum á ári renni um 2 tonn af köfnunarefni, um 13 tonn af kolefni og 500 kg af fosfór í viðtaka.
Fylgir framkvæmd mengun eða ónæði?	Nei.
Fylgir framkvæmd slyshætta?	Já. Fiskeldi fylgir hætta á slyssleppingum eldisfisks. Með vísan til þess að ristar verða á kerum sem hæfa stærð eldisfisks á hverjum tíma ásamt því að rist verður á frárennslis telur Skipulagsstofnun ólíklegt að fiskur sleppi úr eldinu.

## Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af staðsetningu framkvæmdar með tilliti til hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, sbr. 2. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000

### Hefur framkvæmdin áhrif á:

### Já/Nei/Útskýring

Þá landnotkun sem fyrir er eða fyrirhugaða landnotkun samkvæmt skipulagi?	Nei. Um er að ræða iðnaðarsvæði þar sem fiskeldi er stundað. Ekki er um að ræða verklegar framkvæmdir.
Getu náttúruauðlinda á svæðinu til endurnýjunar eða magn þeirra og gæði?	Ólíklegt. Notast er við jarðsjó sem tekin er úr borholum við ströndina. Áætluð vatnspörf vegna fyrirhugaðs 3.000 tonna eldis Samherja/Íslandsbleikju er um 2500-2700 l/sek. Vegna 50 tonna framleiðslu er áætluð vatnspörf um 100-150 l/sek.
Friðlýst svæði s.s þjóðgarða, friðlönd, náttúruvætti, fólkvangar?	Nei.
Svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum vegna tiltekinnar vistkerfa og jarðminja s.s eldhraun, jarðhitasvæði og votlendi?	Nei. Eldisstöðin er staðsett eldhrauni sem nýtur verndar skv. 61. gr. laga um náttúruvernd. Þar sem ekki verður ráðist í verklegar framkvæmdir verður ekkert rask umfram það sem þegar hefur átt sér stað.
Svæði í verndarflokki rammaáætlunar, á náttúruverndaráætlun eða í náttúruminjaskrá?	Útrás frárennslis er á mörkum svæðis á náttúruminjaskrá, þ.e. strandsvæði vestan Grindavíkur, frá Litlubót að Stekkjarnefi. Á svæðinu er að finna fjölbreyttan strandgróður og fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, athyglisverðan hraunkant með sjávartjörnum. Að mati Skipulagsstofnunar er afar ólíklegt, með hliðsjón af umfangi og tilhögun frárennslis, að úrgangur frá tilraunaeldi komi til með að raska verndargildi svæðisins. Frárennislögn mun liggja í gegnum brimgarð og útrás verður staðsett þar sem brim er mikið.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt sérlögum, (Mývatn og Laxá og Breiðafjörður)?	Nei.
Svæði sem njóta verndar samkvæmt alþjóðlegum samningum s.s. Ramsarsamningnum og Bernarsamningnum?	Nei.
Svæði sem njóta verndar vegna fornminja eða friðaðra mannvirkja?	Nei.
Vatnsverndarsvæði?	Nei.
Hverfisverndarsvæði samkvæmt skipulagsáætlunum?	Nei.
Víðerni?	Nei.
Votlendi eða strandsvæði?	Eldisstöðin er staðsett við strönd og liggur útrás frárennslis í sjó. Afar ólíklegt er að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á strandsvæðið.
Landslag, ásýnd svæðis eða landnotkun?	Nei. Ekki er um að ræða verklegar framkvæmdir.
Jarðmyndanir (t.d eldhraun, fossar, hverasvæði, eldvörp)?	Nei. Ekki er um að ræða verklegar framkvæmdir.
Stöðuvötn, tjarnir, sjávarfitjar eða leirur?	Nei.

Gróður og gróðurlendi (t.d. mýrar), Dýralíf (t.d. fuglar og fiskar)?	Nei.
Loftgæði eða mengun?	Nei.
Menningarminjar?	Nei.
Samfélag, s.s. áhrif á íbúa eða atvinnu?	Nei.

### Eiginleikar hugsanlegra áhrifa

*Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum skal m.a. taka mið af hugsanlegum eiginleikum umhverfisáhrifa með hliðsjón af eðli framkvæmdar og staðsetningu, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000*

Umfang umhverfisáhrifa, þ.e. það svæði og fjöldi fólks sem ætla má að verði fyrir umhverfisáhrifum.	<p>Áhrifin verða að öllum líkindum staðbundin við næsta nágrenni frárennslisútrásar. Aðstæður við útrás eru þess eðlis að gera má ráð fyrir hraðri þynningu.</p> <p>Áhrif vegna vinnslu jarðsjávar eru líkast til staðbundin.</p>
Stærð og fjölbreytileiki áhrifa	Um er að ræða litla eldisstöð. Áhrifin munu fyrst og fremst felast í aukningu á næringarefnum í frárennslis frá stöðinni en sem fyrr segir má gera ráð fyrir hraðri þynningu í viðtaka. Að öllum líkindum verða önnur áhrif óveruleg.
Líkur á áhrifum	<p>Litlar líkur eru á að úrgangur frá 50 tonna eldisstöð valdi teljandi áhrifum með tilliti til viðtaka.</p> <p>Með tilliti til sleppivarna og eðlis stöðvarinnar, þ.e. tilraunaeldisstöð sem elur ýmsar tegundir sjávarlífvera í litlu magni, er ólíklegt að t.d. eldislax af norskum uppruna sleppi úr stöðinni og hafi áhrif á villta laxastofna.</p>
Tímalengd, tíðni og óafturkræfi áhrifa	Áhrif framleiðslu munu vara á meðan starfsemi verður í stöðinni. Áhrifin eru afturkræf.
Sam mögnunaráhrif ólíkra umhverfisáhrifa á tilteknu svæði	Á ekki við.

Áhrif yfir landamæri	Á ekki við.
----------------------	-------------

### Niðurstaða

Um er að ræða landeldisstöð í rekstri þar sem fyrirhugað er að auka eldismagn. Ekki er um að ræða verklegar framkvæmdir. Varðandi áhrif framkvæmdar kemur því helst til skoðunar lífrænt álag vegna aukinna úrgangsefna ásamt aukinni vatnspörf og möguleikum á slyasleppingum.

Um er að ræða umfangslítið eldi, 50 tonna framleiðsla á ári að hámarki, þar sem frárennsli er leitt í haf. Viðtaki frárennslis er Atlantshaf og eru straumar sterkir og brim mikið við útrás. Gera má ráð fyrir hraðri þynningu úrgangsefna. Fyrir liggur ákvörðun um að allt að 3.000 tonna framleiðsla Samherja/Íslandsbleikju á sömu jörð sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Þar var talið að lítil hættu væri á uppsöfnum næringarefna vegna hraða þynningar. Að mati Skipulagsstofnunar er ólíklegt að úrgangur frá 50 tonna framleiðslu til viðbótar komi til með að hafa áhrif á vatnsgæði viðtaka.

Að mati Skipulagsstofnunar er lítil hættu á slyasleppingum enda sleppivarnir á kerum og frárennsli. Aukin vatnsvinnsla er ekki talin hafa áhrif á grunnvatn en notast er við jarðsjó.

Að mati Skipulagsstofnunar er ekki líklegt að fyrirhuguð framleiðsluaukning í tilraunaeldi Hafranssóknastofnunar að Stað í Grindavíkurbæ komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Ákvörðun	Framkvæmdin skal ekki háð mati á umhverfisáhrifum.
Kærufrestur	15. apríl 2019

Reykjavík dags. 12. mars 2019

Egill Þórarinsson